

BÓRISSTAÐIR Í ÞORSKAFIRÐI.

Greinargerð
Gerð er breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018 í samræmi við tillögu að deiliskipulagi fyrir hluta jarðarinnar Þórisstaðir í Þorskafirði.

Reykhólahreppur hefur veitt Þórisstaðafélaginu heimild til að láta vinna breytingu á aðalskipulagi Reykhólahrepps 2006-2018.

Nýstofnað hefur verið félagið *Þórisstaðafélagið* sem samanstendur af þeim sem eiga hlut í jörðinni Þórisstöðum í Þorskafirði. Innan jarðarinnar eru tvö frístundahús, Fossengi og Kriueyri, en áhugi er fyrir því innan félagsins að fleiri eigendur jarðarinnar geti byggt sér frístundahús á jörðinni. Í tillögu að deiliskipulagi er gert ráð fyrir 14 lóðum fyrir frístundahús í þremur þyrpingum á jörðinni.

Breyting á aðalskipulagi Reykhólahrepps fellst í því að skilgreind eru tvö ný svæði með hringtákn á sveitarfélagsupprætti aðalskipulags, innan jarðarinnar Þórisstaðir. Svæðin fá táknid F6 eins og það hringtákn fyrir frístundabyggð sem fyrir er á jörðinni. Skv. gildandi aðalskipulagi geta svæði sem skilgreind eru með hringtákn verið allt að 5 ha og eru öll þrjú svæðin sem skilgreind eru innan þeirra marka. Breyting er gerð á texta í kafla 2.3.8, *svæði fyrir frístundabyggð*, í greinargerð aðalskipulagsins.

Staðfest aðalskipulag:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F6	Þórisstaðir í Þorskafirði	Á svæðinu er eitt sumarhús skv. deiliskipulagi frá 2000

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
F6	Þórisstaðir í Þorskafirði	Á svæðinu eru tvö frístundahús en gert er ráð fyrir að þeim geti fjölgað í allt að 14 skv. tillögu að deiliskipulagi.

Eftir sem áður gildir ákvæði aðalskipulags er varðar fornleifar, þ.e. að skráning fornleifa skal fara fram á deiliskipulagsstigi og áður en ráðist er í bygginga- eða framkvæmdaleyfisskildar framkvæmdir.

Í gildandi aðalskipulagi segir að eitt sumarhús sé á svæðinu skv. deiliskipulagi frá 2000 (F6). Þetta er ekki rétt því ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu en veitt var heimild árið 2000 fyrir byggingu á einu sumarhúsi án þess að deiliskipulag væri gert fyrir svæðið.

Áhrifamat

Breyting þessi felur ekki í sér stefnu um leyfisveitingar til framkvæmda, sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106 / 2000 og er hún því ekki háð lögum nr. 105 / 2006 um umhverfismat áætlaða. Ekki er talið að breyting á aðalskipulagi hafi í för með sér neikvæð áhrif á umhverfið.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31.

gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í hreppsnefnd

Reykhólahrepps þann _____

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun

þann _____


Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingar var birt í

B-deild Stjórnartíðinda þann _____

SKÝRINGAR




Verndarsvæði



Veitur



Samgöngur



REYKHÓLAHR. AÐALSKIPULAG 2006-2018

BREYTING Á AÐALSKIPULAGI - TILLAGA

BÓRISSTAÐIR Í ÞORSKAFIRÐI

KVARDI-A3:	1:100.000	TEIKN NR:	
DAGS:	05.01.2012	HANNAD:	ÓMAR
SKRÁ:	11029-ASK-BR.DWG	VERKNR:	11029